



Reykjavík, 3. október 2023

Sameiginleg yfirlýsing formanna Norrænu tollvarðafélaganna (NTO)

Kókaín og skipulögð glæpastarfsemi á Norðurlöndum.

Á Norðurlöndunum verðum við öll fyrir áhrifum af kókaínflóðinu sem skellur á löndum okkar.

Á síðasta ári hefur t.a.m. verið lagt hald á nokkur tonn af fíkniefnum og öðrum fíkniefnum.

Við erum að auki uggrandi yfir ofbeldisfullri þróun glæpa í Svíþjóð, þar sem skipulögð glæpastarfsemi hefur náð nýjum og áður óþekktum hæðum.

Skipulögð glæpastarfsemi og smygl nær yfir landamæri og því nægir ekki að hver þjóð fyrir sig berjist gegn slíku ástandi, heldur þarf að gera það þvert á landamæri og einnig með samnorrænu samstarfi. Einu ríkisstofnanirnar sem hafa fullt vald á landamærunum og standa því í fremstu víglinu í baráttunni gegn glæpum yfir landamæri, eru tollyfirvöld.

Þörfin fyrir traust landamæraeftirlit og vel þróað fjölþjóðlegt samstarf á greiningar- og aðgerðastigi hefur aldrei verið skýrari eða mikilvægari. Staðan innanlands á öllum Norðurlöndunum í dag sýnir okkur að skipulögð glæpastarfsemi er á miklum skrið og ástandið aldrei verið alvarlegra.

Norrænu tollvarðafélögin (NTO) hvetja ríkisstjórnir Norðurlanda og norrænu þjóðþingin til að hjálpa til við að vernda samfélög okkar með því að:

- efla og styrkja tollgæslu
- stuðla að enn betra samstarfi yfir landamæri
- fjölga tollvörðum á landamærum
- auka fjárfestingar í nútíma tækjum, búnaði og viðeigandi eftirlitsaðstöðu á landamærunum
- tryggja að öryggi tollvarða verði alltaf að vera í forgangi

NTO krefst þess að stjórnvöld á Norðurlöndunum hafi tollgæsluna með í ráðum varðandi áætlanir sínar og ráðstafanir til að draga úr viðvarandi ógn við samfélög okkar.